

Orkuveita Reykjavíkur -
vatns- og fráveita sf.
Ársreikningur 2022

Orkuveita Reykjavíkur - vatns- og fráveita sf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

kt. 591213-0160

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing félagsaðila	3
Áritun óháðs endurskoðanda	6
Rekstrarreikningur	9
Efnahagsreikningur	10
Eiginfjárfirlit	11
Sjóðstreymisyfirlit	12
Skýringar	13

Skýrsla og yfirlýsing félagsaðila

Orkuveita Reykjavíkur - vatns- og fráveita sf. (OR vatns- og fráveita) er sameignarfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 50/2007 um sameignarfélag og laga nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur (OR), en félagið er 99,9% í eigu Orkuveitu Reykjavíkur og 0,1% í eigu Veitna ohf. Engar breytingar urðu á eignarhaldi á árinu.

Lögbundið hlutverk OR er að stunda vinnslu, framleiðslu og sölu raforku og heits vatns og gufu og rekstur grunnkerfa, svo sem dreifiveitu rafmagns, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu, auk annarrar starfsemi sem hefur sambærilega stöðu. Einnig þá starfsemi aðra sem nýtt getur rannsóknir, þekkingu eða búnað fyrirtækjanna, sem og iðnþróun og nýsköpun, enda tengist hún kjarnastarfsemi fyrirtækisins. OR vatns – og fráveita rekur vatns- og fráveitu á starfssvæði sínu.

Yfirlitsmyndin að neðan sýnir kjarnastarfsemi samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur. Þar fyrir neðan er greint frá helstu viðskiptaferlum í virðiskeðjunni og loks eru tilteknir helstu hagsmunaaðilar að hverjum hlekk keðjunnar.



Virðiskeðja	AUÐLIND	NÝFRAMKVÆMDIR	VINNSLA OG MIÐLUN	VIÐSKIPTI OG ÞJÓNUSTA	AUÐLIND
	–Leit að og rannsókn auðlinda og öflun réttinda til að nýta þær –Vöktun og stýring nýtingar	–Hönnun og öflun leyfa –Kaup á efni, búnaði og þjónustu verkataka –Eftirlit og prófanir	–Móttaka nýsmíði í rekstur –Stýring og vöktun vinnslu –Eftirlit, viðhald og endurnýjun –Kaup á efni, búnaði og þjónustu	–Öflun og skráning viðskiptavina –Tenging heimila og fyrirtækja –Álestur og útgáfa reikninga –Viðbrögð við bilunum	–Vöktun viðtaka
Hagsmunaaðilar	Opinberir aðilar Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. Almenningur Umsagnir um leyfi, kæruréttur Eigendur OR Staðfesting áforma á nýjum svæðum	Opinberir aðilar Leyfisveitingar, skipulag og eftirlit. Verktalar og vörubirgjar Framkvæmdir, úttegungu efnis, ráðgjöf, fjármögnun Almenningur Umsagnir og kæruréttur Eigendur OR Staðfesting áforma á nýjum svæðum	Opinberir aðilar Vöktun á rekstri og auðlindanýtingu Almenningur Ábendingar, upplýsingar Viðskiptavinir Upplýsingar um þjónustubrest Verktakar og vörubirgjar Framkvæmdir, úttegungu efnis, ráðgjöf, fjármögnun	Viðskiptavinir Greiðsla reikninga, álestur Opinberir aðilar Vöktun á afhendingaröryggi, notkunarmælingum og verði	Opinberir aðilar Vöktun umhverfisáhrifa Almenningur Ábendingar, upplýsingar
Starfsfólk, samtök og félög fólks og fyrirtækja og eftirlitsaðilar með starfsaðstæðum á vinnumarkaði eiga hagsmuni að allri virðiskeðjunni.					

Nánar er fjallað um virðiskeðju OR samstæðunnar í skýrslu stjórnar og forstjóra í samstæðureikningi OR. Þar er einnig fjallað um ófjárhagslega þætti; umhverfis- og loftslagsmál, samfélagsleg mál og stjórnþætti í samstæðunni. Enn ítarlegri umfjöllun um þá þætti má finna í stjórnháttaköflum Ársskýrslu Orkuveitu Reykjavíkur 2022. Hún er rafræn á slóðinni arsskyrsla2022.or.is og þar er einnig að finna skýrsluna á pdf-sníði.

Skýrsla og yfirlýsing félagsaðila, frh.:

Fjárhagslegar niðurstöður 2022

Hagnaður af rekstri OR vatns- og fráveitu á árinu 2022 nam 2.142 milljónum kr. (2021: 1.995 milljónir kr.). Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins í árslok 108.465 milljónum kr. (31.12.2021: 95.684 milljónir kr.). Eigið fé nam 73.869 milljónum kr. í árslok (31.12.2021: 63.335 milljónir kr.) og var eiginfjárlutfall félagsins 68,1% (31.12.2021: 66,2%).

Enginn starfsmaður starfaði hjá OR vatns- og fráveitu sf. á árinu 2022 (2021: enginn starfsmaður) en Veitur ohf. sjá um daglegan rekstur félagsins.

Félagsaðilar munu ekki greiða arð til eigenda félagsins á árinu 2023 vegna rekstrar á árinu 2022. Vísað er til ársreikningsins varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eigin fé.

Félagsaðilar og stjórnhættir

Stjórnhættir OR og dótturfélaga eiga að tryggja fagmennsku, hagkvæmni, ráðdeild, gegnsæi og ábyrgð í rekstrinum. Um meginstarfsemi Orkuveitu Reykjavíkur og dótturfélaga gilda lög nr. 136/2013. Á árinu 2014 endurnýjuðu eigendur fyrirtækisins sameignarsamning um starfsemina. Þá var einnig endurskoðuð eigendastefna. Við endurnýjun á samningi og stefnu fyrir dótturfélög OR tóku starfsreglur fyrir allar stjórnir mið af þeim leiðbeiningum um stjórnhætti, sem Viðskiptaráð vann í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq.

Siðareglur OR og dótturfélaga byggja á heiðarleika, sem er eitt af gildum Orkuveitu Reykjavíkur. Siðareglurnar eru skráðar og opinberar og eiga að hjálpa starfsfólki að láta heiðarleika, virðingu og jafnrétti einkenna öll samskipti hvort sem er við viðskiptavinum, samstarfsfólk, stjórn, verktaka eða og aðra hagsmunaaðila. Þær eru ekki tæmandi og leysa þau, sem þær ná til, ekki undan þeirri ábyrgð að reiða sig á eigin samvisku þegar siðferðileg álitamál koma upp.

Samstæða OR á aðild að Global Compact og gaf á árinu 2021 út siðareglur fyrir birgja samstæðunnar. Tilgangur útgáfunnar er að ná betri tókum á sjálfbærni allrar virðisæðju samstæðunnar. Með því að samþykkja siðareglurnar með undirskrift gengst birginn undir kröfur um virðingu fyrir mannréttindum, reglum vinnumarkaða, umhverfinu og að beita sér gegn spillingu. Samsvarandi kröfur hafa verið í útboðsgögnum OR um árabíl, en með þessu eru gerðar kröfur í minni innkaupum en þeim sem fara í formleg útboð. Í árslok 2022 höfðu 114 birgjar staðfest að þeir hlítu siðareglunum.

Félagsfundi Vatns- og fráveitu sitja fulltrúar eigenda, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur og framkvæmdastýra Veitna.

Félagsaðilar í árslok 2022 voru:

- Bjarni Bjarnason, forstjóri Orkuveitu Reykjavíkur.
- Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna.

Félagsfundur tekur allar ákvarðanir og félagsaðilar rita firma félagsins.

Veitur ohf. sinna verkefnum OR Vatns- og fráveitu á grundvelli þjónustusamnings milli félaganna. Starfsreglur stjórnar Veitna ohf. eru aðgengilegar á vef Veitna. Nánar er fjallað stjórnhætti í skýrslu stjórnar og forstjóra og áhættuskýringu í skýringum 26 - 31 í Ársreikningi samstæðu OR 2022.

Árangur og óvissuþættir 2022

Loftslagsáhætta snertir alla þætti starfsemi OR en einkum veiturekstur. Á árinu 2022 var unnið skipulegt áhættumat fyrir alla samstæðu OR vegna loftslagsáhættu og borin kennsl á 50 áhættuþætti sem vinna þyrfti með. Þeir voru skráðir í rekstraráhættugrunn og snerta meðal annars aðlögun að sjávarborðshækkun, meiri úrkomuákefð og leysingum og óvissum langtímabreytingum á lofthita hér á landi með samsvarandi breytingu á eftirspurn eftir vatni til húshitunar. Á árinu 2023 er unnið að aðgerðaáætlun vegna þessara áhættuþátta í því skyni að tryggja sem best stöðugt aðgengi samfélagsins að þeirri grunnþjónustu sem Veitur sinna. Umfangsmestu hætturnar steðja að fráveitukerfum vegna líkinda á hækkandi sjávarstöðu með vaxandi loftslagsvá.

Skýrsla og yfirlýsing félagsaðila, frh.:

Árangur og óvissupættir 2022, frh.:

Rauntímaeftirlit Veitna með neysluvatni gerir fyrirtækið betur í stakk búið að fylgjast með hugsanlegum áhrifum loftslagsbreytinga á vatnsveitur og vatnsból. Nýleg dæmi eru um gróðurelda í grennd vatnsbóla. Ekki kom til mengunar neysluvatns og á árinu 2022 reyndust öll sýni úr vatnsbólum Veitna, hvort tveggja á höfuðborgarsvæðinu og í dreifbýli, neysluhaf. Áfram er unnið að nákvæmari kortlagningu grunnvatns til að efla skilning á því hvaða hættu getur steðjað að vatnsbólum.

Á árinu 2022 gaf OR út siðareglur fyrir birgja samstæðunnar. Þær byggjast á 10 stoðum Global Compact samstarfsins á vegum Sameinuðu þjóðanna. Tilgangur útgáfunnar er að ná betri tókum á sjálfbærni allrar virðiskeðju samstæðunnar. Með því að samþykka siðareglurnar með undirskrift gangast birgjar undir kröfur um virðingu fyrir mannréttindum, reglum vinnumarkaða, umhverfinu og að beita sér gegn spillingu. Samsvarandi kröfur hafa verið í útboðsgögnum OR um árabíl, en með þessu eru gerðar samsvarandi kröfur í minni innkaupum en þeim sem fara í formleg útboð.

Enn er óljóst umfang tjóns sem varð í Háskóla Íslands þegar vatnsæð sprakk í grennd við skólann snemma árs 2021. Matsmenn eru að meta umfang tjóns en tryggingafélag Veitna annast meðferð málsins. Þá er til meðferðar hjá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu kæra vegna vatnsgjalds OR vatns- og fráveitu sf. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hóf frumkvæðisathugun á vatnsgjaldi hjá vatnsveitum sveitarfélaga í kjölfar kærunnar, en niðurstaða kærumálsins liggur ekki fyrir.

Félagið er rekstrarhæft og er ágætlega í stakk búið til að taka á sig fjárhagsleg áföll um fyrirsjáanlega framtíð. Vegna eðlis starfseminnar – að veita heimilum og fyrirtækjum grunnþjónustu – eru áhrif samdráttar í efnahagslífinu á tekjur félagsins takmörkuð.

Yfirlýsing félagsaðila

Samkvæmt bestu vitneskju félagsaðila OR vatns- og fráveitu sf. er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga. Að áliti félagsaðila OR vatns- og fráveitu sf. gefur ársreikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu í árslok og rekstrarafkomu félagsins, sem og breytingu á handbæru fé á árinu og lýsir helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Félagsaðilar OR vatns- og fráveitu sf. staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2022.

Reykjavík, 28. febrúar 2023

Fyrir hönd Orkuveitu Reykjavíkur:
Bjarni Bjarnason

Fyrir hönd Veitna ohf.:
Sólrun Kristjánsdóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til félagsaðila Orkuveitu Reykjavíkur - vatns- og fráveitu sf.

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Orkuveita Reykjavíkur- vatns- og fráveita sf. („félagið“) fyrir árið 2022. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjárfirlit, sjóðstreymisfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2022 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2022, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla (ISA) en nánar er gerð grein fyrir ábyrgð okkar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda*. Við uppfyllum ákvæði siðareglna endurskoðanda á Íslandi og teljumst því óháð félaginu. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Megináherslur við endurskoðunina

Lykilatriði endurskoðunarinnar eru þau atriði, sem að okkar faglega mati, hafa mesta þýðingu við endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins árið 2022. Þessi atriði voru yfirfarin við endurskoðun á ársreikningnum og höfð til hliðsjónar við ákvörðun á viðeigandi álit á honum. Í áritun okkar látum við ekki í ljós sérstakt álit á hverju þeirra fyrir sig.

Eftirfarandi atriði teljum við vera lykilatriði í endurskoðun okkar:

Skýring á lykilatriði í endurskoðuninni

Hvernig var brugðist við lykilatriði í endurskoðun

Mat veitukerfis

Sjá umfjöllun um mikilvægar reikningsskilaaðferðir í skýringu 15 (b) bls. 19 og skýringu 7 á bls. 15 til 16.

Við höfum skilgreint mat veitukerfa sem lykilatriði við endurskoðun okkar vegna ársins 2022. Veitukerfi eru metin út frá afskrifuðu endurstofnverði.

Það felur í sér að lagt er mat á breytingu byggingarkostnaðar samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar fyrningar eru endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Félagið framkvæmir virðisrýmunarpróf á reiknings-skiladegi og færir virðisrýmun á eignirnar ef niðurstaðan er sú að núvirt tekjustreymi eignanna er lægra en bókfært virði þeirra. Einnig getur endurmat eignanna aldrei orðið hærra en sem nemur núvirtu tekjustreymi þeirra.

Forsendur sem notaðar eru við endurmatið og virðisrýmunarprófið byggja á mati stjórnenda og eru að hluta til huglæggar. Þar sem eignfærð veitukerfi eru verulegur liður í ársreikningnum getur hver breyta í forsendum haft veruleg áhrif á afkomu og efnahag félagsins.

Vinna okkar náði bæði til mats á endurmati og virðisrýmun veitukerfa.

Sem hluti af endurskoðun okkar fórum við yfir aðferðafræði félagsins við mat á veitukerfi og samkvæmni þess við lög og reglur.

Við fórum yfir ferli við endurmatið og virðisrýmunarpróf. Við fórum einnig yfir virkni líkana sem notast er við matið.

Við lögðum mat á forsendur stjórnenda með samanburði við opinberar upplýsingar þar sem það á við. Í þeim tilvikum þar sem forsendur byggja ekki á opinberum upplýsingum lögðum við sjálfstætt mat á forsendur stjórnenda.

Við þessa skoðun var verðmatssérfræðingur notaður til aðstoðar.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Aðrar upplýsingar

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir öllum upplýsingum sem félagið birtir, jafnt með ársreikningi sem öðrum upplýsingum. Álit okkar nær ekki til annarra upplýsinga sem félagið gefur út en tilgreint er hér að ofan. Aðrar upplýsingar eru t.a.m ársskýrsla samstæðunnar, skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra (ekki umfram það sem álit okkar segir til um hér að neðan) og óendurskoðaðra stjórnarháttaryfirlýsingu samstæðunnar. Staðfestum við því ekki þær upplýsingar sem þar er að finna. Hvað ábyrgð okkar varðar felst hún í yfirllestri á efni og innihaldi og athugun á því hvort um verulegt ósamræmi sé að ræða milli þeirra og ársreikningsins.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem að lágmarki ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir innra eftirliti við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins er stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir mati á rekstrarhæfi félagsins. Ef vafi leikur á rekstrarhæfi skal gerð grein fyrir því í ársreikningi með viðeigandi skýringum og greint frá því hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema ákveðið hafi verið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða engir aðrir raunhæfir kostir fyrir hendi en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er nokkuð hátt stig vissu, en það tryggir ekki að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið til vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, stakar eða samanlagðar.

Sem hluti af endurskoðuninni sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla, beitum við faglegu mati (e. professional judgment) og viðhöfum faglega tortryggni (e. professional skepticism). Eftirfarandi er einnig hluti af endurskoðun okkar á ársreikningi félagsins:

- Greina og meta hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, skipuleggja og framkvæma endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflun endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals og misvísandi framsetningu ársreikningsins, að einhverju sé viljandi sleppt eða að innra eftirlit sé ekki virt.
- Afla skilnings á innra eftirliti, ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins, heldur í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir.
- Meta hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

Áritun óháðra endurskoðenda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda, frh.:

- Meta hvort forsendan um rekstrarhæfi eigi við, hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið vafa um rekstrarhæfi. Ef við teljum að vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi ber okkur að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Atburðir eða aðstæður eftir dagsetningu áritunar geta þannig valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Meta hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum og leggja mat á framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins með tilliti til glöggrar myndar, skýringum þar á meðal.
- Afla endurskoðunargagna er varða verulegar einingar innan ársreikningsins til að geta látið í ljós álit á ársreikningi. Við erum ábyrg fyrir skipulagi, umsjón og framkvæmd endurskoðunar félagsins og berum ein ábyrgð á álit okkar á félaginu.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn og endurskoðunarnefnd meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar auk verulegra atriða sem upp komu í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega anmarka á innra eftirliti, ef við á.

Við höfum afhent stjórn endurskoðunarskýrslu þar sem gerð er grein fyrir þessum atriðum og er hún í samræmi við áritun þessa.

Við höfum ekki veitt félaginu þjónustu sem telst óheimilt að veita samhliða endurskoðun í samræmi við lög um endurskoðendur. Við höfum einnig afhent forstjóra og endurskoðunarnefnd samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur yfirlýsingu þess efnis að við uppfyllum ákvæði siðareglna er varðar óhæði. Við höfum jafnframt komið á framfæri upplýsingum um tengsl eða aðra þætti sem gætu haft áhrif á óhæði okkar og hvaða varúðarráðstafanir við höfum stuðst við til að tryggja óhæði okkar, ef við á.

Af þeim atriðum sem við upplýstum framkvæmdastjóra félagsins um lögðum við mat á hvaða atriði höfðu mesta þýðingu í endurskoðuninni á yfirstandandi ári og eru það lykilatriði endurskoðunarinnar. Við gerum grein fyrir þessum atriðum í áritun okkar nema lög og reglur heimila ekki slíka upplýsingagjöf. Í undantekningartilfellum kunnum við að greina ekki frá slíkum atriðum ef við metum það svo að neikvæðar afleiðingar af slíkri upplýsingagjöf vegi þyngra en hagsmunir almennings af upplýsingunum.

Við vorum kjörnir endurskoðendur félagsins á aðalfundi 27. apríl 2022 en þetta er fimmta samfelld reikningsárið þar sem við erum endurskoðendur félagsins.

fyrir hönd Grant Thornton endurskoðunar ehf.

Reykjavík, 28. febrúar 2023

Davíð Arnar Einarsson

Davíð Arnar Einarsson,

löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur 2022

	Skýr.	2022	2021
Rekstrartekjur	4	10.663.720	9.983.489
Annar rekstrarkostnaður	6	(2.972.496)	(3.460.132)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA).....		7.691.224	6.523.357
Afskriftir	7	(2.284.521)	(2.206.880)
Rekstrarhagnaður (EBIT).....		5.406.703	4.316.477
Vaxtatekjur		658.324	116.372
Vaxtagjöld og verðbætur		(3.922.808)	(2.437.513)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		(3.264.484)	(2.321.141)
		Hagnaður ársins	
		<u>2.142.219</u>	<u>1.995.336</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr.	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	91.194.606	80.825.847
Fastafjármunir samtals		<u>91.194.606</u>	<u>80.825.847</u>
Viðskiptakröfur	8	241.060	262.824
Aðrar skammtímakröfur	8	109.750	44.694
Lausafé í ávöxtun hjá móðurfyrirtæki	11	16.919.053	14.549.275
Handbært fé	9	550	1.715
Veltufjármunir samtals		<u>17.270.413</u>	<u>14.858.508</u>
Eignir samtals		<u><u>108.465.019</u></u>	<u><u>95.684.355</u></u>
Eigið fé			
Endurmatsreikningur		42.887.565	35.733.176
Óráðstafað eigið fé		30.981.931	27.602.153,8
Eigið fé samtals		<u>73.869.495</u>	<u>63.335.330</u>
Skuldir			
Langtímalán frá móðurfyrirtæki	10	32.646.492	30.567.163
Langtímaskuldir samtals		<u>32.646.492</u>	<u>30.567.163</u>
Viðskiptaskuldir		9.055	7.944
Næsta árs afborgun langtímalána við móðurfyrirtæki	10	774.798	686.578
Skammtímaskuldir við tengd félög	11	1.165.179	1.087.340
Skammtímaskuldir samtals		<u>1.949.032</u>	<u>1.781.862</u>
Skuldir samtals		<u>34.595.524</u>	<u>32.349.025</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>108.465.019</u></u>	<u><u>95.684.355</u></u>

Eiginfjáryfirlit 2022

Árið 2022	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals eigið fé
Eigið fé 1. janúar 2022	35.733.176	27.602.154	63.335.330
Endurmat, hækkun	8.391.946		8.391.946
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(1.237.558)	1.237.558	0
Hagnaður ársins		2.142.219	2.142.219
Eigið fé 31. desember 2022	<u>42.887.565</u>	<u>30.981.931</u>	<u>73.869.495</u>

Árið 2021

Eigið fé 1. janúar 2021	31.573.412	24.494.382	56.067.795
Endurmat, hækkun	5.272.200		5.272.200
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(1.112.435)	1.112.435	0
Hagnaður ársins		1.995.336	1.995.336
Eigið fé 31. desember 2021	<u>35.733.176</u>	<u>27.602.153</u>	<u>63.335.330</u>

Sjóðstreymisýfirlit 2022

	skýr.	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins		2.142.219	1.995.336
Leiðrétt fyrir:			
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		3.264.484	2.321.141
Afskriftir	7	2.284.521	2.206.880
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		7.691.224	6.523.357
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(43.292)	53.489
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		279.666	(312.541)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		7.927.598	6.264.305
Innborgaðar vaxtatekjur		658.324	116.372
Greidd vaxtagjöld	(1.036.778)	(980.647)
Handbært fé frá rekstri		7.549.145	5.400.030
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(4.539.890)	(3.504.799)
Fé í ávöxtun hjá móðurfyrirtæki, breyting	(2.369.777)	(1.628.218)
Staða við tengd félög, breyting		77.839	381.128
Fjárfestingarhreyfingar	(6.831.828)	(4.751.889)
Fjármögnunarhreyfingar			
Afborgun lána frá móðurfyrirtæki	(718.481)	(647.459)
Fjármögnunarhreyfingar	(718.481)	(647.459)
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(1.165)	682
Handbært fé í ársbyrjun		1.715	1.033
Handbært fé í árslok	9	550	1.715
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum		278.555	(311.556)
Skammtímaskuldir, breyting	(278.555)	311.556
Aðrar upplýsingar:			
Veltufé frá rekstri		7.312.770	5.659.082
Veltufé frá rekstri greinist þannig:			
Hagnaður ársins		2.142.219	1.995.336
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir		2.284.521	2.206.880
Verðbætur langtímalána		2.886.030	1.456.866
Veltufé frá rekstri		7.312.770	5.659.082

Skýringar

1. Félagið

Orkuveita Reykjavíkur - vatns- og fráveita sf. er sameignarfélag sem starfar á grundvelli laga nr. 50/2007 um sameignarfélög. Félagið aflar og dreifir köldu vatni og er með fráveitustarfsemi á starfssvæði sínu. Félagið hefur höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Félagið er í 99,9% eigu Orkuveitu Reykjavíkur og er ársreikningur þess hluti af samstæðuársreikningi Orkuveitu Reykjavíkur.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður en reikningsskilaskýringum er lýst í skýringu 15.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil félagsins byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að varanlegir rekstrarfjármunir hafa verið endurmetnir til gangvirðis.

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Ársreikningur félagsins er birtur í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

d. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð ársreikningsins krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum er að finna í skýringu 7 um varanlega rekstrarfjármuni.

3. Starfspáttayfirlit

Árið 2022	Vatns- veita	Fráveita	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	3.876.713	6.787.007	0	10.663.720
Tekjur milli starfspátta	3.173	6.715	(9.888)	0
	3.879.886	6.793.722	(9.888)	10.663.720
Rekstrarkostnaður	(1.384.148)	(1.598.236)	9.888	(2.972.496)
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	2.495.738	5.195.486	0	7.691.224
Fjárfesting	1.447.513	2.813.821	0	4.261.335

Skýringar

3. Starfsþáttayfirlit, frh.:

Árið 2021	Vatns- veita	Fráveita	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	3.715.339	6.268.150	0	9.983.489
Tekjur milli starfsþátta	3.060	7.034	(10.095)	0
	3.718.399	6.275.185	(10.095)	9.983.489
Rekstrarkostnaður	(1.514.062)	(1.956.164)	10.095	(3.460.132)
Rekstrarhagnaður (EBITDA)	2.204.337	4.319.020	0	6.523.357
Fjárfesting	1.603.924	2.212.431	0	3.816.355

4. Rekstrartekjur

	2022	2021
Tekjur af sölu á köldu vatni	3.681.220	3.540.186
Tekjur af fráveitu	6.543.903	6.038.385
Tekjur af tengigjöldum	184.060	169.862
Aðrar tekjur	254.538	235.057
	10.663.720	9.983.489

5. Laun og launatengd gjöld

OR Vatns- og fráveita sf. er ekki með starfsmenn en félagið er rekið af Veitum ohf. samkvæmt þjónustusamningi þar um.

6. Annar rekstrarkostnaður

	2022	2021
Viðhalds- og rekstrarkostnaður kerfa	1.250.519	1.109.435
Þjónustukaup	1.607.805	2.235.151
Tryggingar, leigukostnaður og opinber gjöld	114.171	115.546
	2.972.496	3.460.132
Þóknun greidd til endurskoðanda:		
	2022	2021
Þóknun vegna endurskoðunar ársreiknings og könnunar árshlutauppgjöra	4.170	3.439
Samtals þóknun greidd til endurskoðanda	4.170	3.439

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Framleiðslu- kerfi	Veitu- kerfi	Samtals
31.12.2022			
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	11.179.385	175.905.398	187.084.783
Viðbætur á árinu	155.418	4.105.917	4.261.335
Endurmat	1.187.144	18.792.463	19.979.607
Staða í árslok	12.521.947	198.803.777	211.325.724
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	6.173.087	100.085.848	106.258.936
Afskrifað á árinu	365.873	1.918.649	2.284.522
Endurmat	683.313	10.904.348	11.587.661
Staða í árslok	7.222.273	112.908.845	120.131.118
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1. 2022	5.006.297	75.819.550	80.825.847
Bókfært verð 31.12. 2022	5.299.674	85.894.932	91.194.606
Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok:			
Endurmetið bókfært verð	5.299.674	85.894.932	91.194.606
Þar af áhrif endurmats	2.371.074	40.516.491	42.887.565
Bókfært verð án endurmats	2.928.600	45.378.441	48.307.041
31.12.2021			
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	10.122.908	160.548.821	170.671.729
Viðbætur á árinu	321.076	3.495.279	3.816.355
Endurmat	735.401	11.861.297	12.596.698
Staða í árslok	11.179.385	175.905.398	187.084.783
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	5.528.428	91.199.129	96.727.557
Afskrifað á árinu	222.106	1.984.774	2.206.880
Endurmat	422.554	6.901.945	7.324.499
Staða í árslok	6.173.087	100.085.848	106.258.936
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1. 2021	4.594.480	69.349.692	73.944.172
Bókfært verð 31.12. 2021	5.006.297	75.819.550	80.825.847
Upplýsingar um endurmetnar eignir í árslok:			
Endurmetið bókfært verð	5.006.297	75.819.550	80.825.847
Þar af áhrif endurmats	2.079.080	33.654.097	35.733.176
Bókfært verð án endurmats	2.927.218	42.165.453	45.092.671

Sérstakt endurmat

Endurmat eigna var framkvæmt í lok september 2022.

Við endurmatið eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkningar eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár.

Gangvirði eignanna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnsverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á kostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar. Við þennan útreikning var stuðst við opinberar upplýsingar og rauntölur úr bókhaldi félagsins. Veitukerfi fyrir kalt vatn og fráveitu eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingavísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis þessara kerfa.

Skýringar

7. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.:

Virðisrýrnunarpróf

Virðisrýrnunarpróf voru gerð í lok september 2022. Stuðst var við rauntölur fyrir janúar til september og útkomuspá fyrir október til desember til að staðfesta að bókfært verð eigna stæði undir væntu framtíðarsjóðstreymi. Niðurstaða virðisrýrnunarprófanna leiddi ekki til virðisrýrnunar og engar vísbendingar eru um virðisrýrnun í árslok 2022.

Helstu forsendur virðisrýrnunarprófa eru eftirfarandi:

- Veginn fjármagnskostnaður (WACC) er 4,97%, (2021: 3,25% til 3,36%)
- Framtíðartekjuvöxtur er áætlaður 0,35%, (2021: 0,3% til 0,35%)

Nánar er fjallað um endurmat og virðisrýrnunarpróf í skýringu 15 b.

Fasteignamat og váttryggingarverð

Í árslok 2022 var fasteignamat eigna félagsins sem metnar eru fasteignamati 3.607 milljónir kr. (2021: 2.927 milljónir kr.) og brunabótamat þeirra nam 4.900 milljónum kr. (2021: 3.996 milljónir kr.). Váttryggingarverðmæti eigna félagsins nam 157.151 milljónum kr. í árslok 2022 (2021: 149.810 milljónir kr.).

8. Aðrar peningalegar eignir

	31.12.2022	31.12.2021
Viðskiptakröfur	241.060	262.824
Aðrar skammtímakröfur greinast þannig:		
Inneign virðisaukaskatts	101.703	44.694
Fyrirframgreiddur kostnaður	8.047	0
	<u>109.750</u>	<u>44.694</u>

9. Handbært fé

Handbært fé í árslok samanstendur af bankainnstæðum.

Félagið hefur gert samning við móðurfyrirtæki sitt um ávöxtun á lausu fé án bindingar. Krafa á móðurfyrirtækið vegna fjár í ávöxtun í árslok nemur 16.919 milljónum kr. og er fært á liðinn Lausafé í ávöxtun hjá móðurfyrirtæki (2021: 14.549 milljónum kr.).

10. Vaxtaberandi skuldir

	31.12.2022	31.12.2021
Langtímaskuldir		
Langtímalán frá móðurfyrirtæki í ISK, verðtryggt	33.421.290	31.253.741
Næsta árs afborgun langtímaskulda	(774.798)	(686.578)
	<u>32.646.492</u>	<u>30.567.163</u>
Afborganir lána greinast þannig á næstu ár:		
Afborganir 2022	-	686.578
Afborganir 2023	774.798	708.631
Afborganir 2024	799.685	731.393
Afborganir 2025	825.371	754.886
Afborganir 2026	851.882	779.133
Afborganir 2027	879.245	-
Afborganir síðar	<u>29.290.309</u>	<u>27.593.120</u>
	<u>33.421.290</u>	<u>31.253.741</u>

Skýringar

11. Viðskipti við tengda aðila

Skilgreining tengdra aðila

Reykjavíkurborg, stofnanir og félög undir stjórn hennar, félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur og stjórnarmenn og lykilstjórnendur í samstæðu Orkuveitunnar eru skilgreindir sem tengdir aðilar félagsins. Makar þessara aðila og ófjárráða börn falla einnig undir skilgreininguna, ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.

Viðskipti við tengda aðila

Neðangreindir aðilar hafa átt í viðskiptum við félagið á árinu.

	2022	2021
Sala til tengdra aðila á árinu var eftirfarandi:		
Sala til Reykjavíkurborgar.....	475.868	314.063
Sala til félaga og stofnana í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	264.649	246.217
Sala á þjónustu til tengdra aðila í samstæðu Orkuveitunnar.....	355.520	156.938
	<u>1.096.037</u>	<u>717.218</u>
Kaup á vörum og þjónustu af tengdum aðilum á árinu voru eftirfarandi:		
Kaup af félögum og stofnunum í eigu Reykjavíkurborgar.....	0	220
Kaup á þjónustu og efni frá tengdum aðilum í samstæðu Orkuveitunnar.....	7.119.086	7.229.649
	<u>7.119.086</u>	<u>7.229.869</u>
Vaxtatekjur vegna inneignar hjá móðurfyrirtæki.....	650.679	111.335
Vaxtagjöld vegna langtímalána við móðurfyrirtæki.....	(3.922.658)	(2.437.133)
	<u>(3.271.979)</u>	<u>(2.325.798)</u>
Kröfur á tengd félög	31.12.2022	31.12.2021
Krafa á Reykjavíkurborg.....	154.889	4.964
Krafa á félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar.....	143	18
	<u>155.032</u>	<u>4.982</u>
Krafa á móðurfyrirtæki, Orkuveitu Reykjavíkur.....	16.919.053	14.549.275
Samtals kröfur á félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.....	<u>16.919.053</u>	<u>14.549.275</u>
Skuldir við tengd félög		
Skuld við Reykjavíkurborg.....	4.925	4.497
Skuld við móðurfélag, Orkuveitu Reykjavíkur.....	184.462	282.768
Skuld við systurfélag, Veitur ohf.....	970.413	794.370
Skuld við systurfélag, Orku náttúrunnar ohf.....	10.305	10.202
Samtals skuldir við félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur.....	<u>1.165.179</u>	<u>1.087.340</u>

Staða og frekari sundurliðun á langtímaláni við móðurfyrirtækið má finna í skýringu 10.

Kröfur og skuldir við félög og stofnanir í samstæðu Reykjavíkurborgar eru meðal viðskiptakrafna og viðskiptaskulda í efnahagsreikningi. Upplýsingar um viðskipti tengdra aðila vegna hefðbundins heimilisreksturs eru ekki meðtaldar.

12. Skattamál

Félagið er undanþegið skattskyldu sbr. 8. töl. 4. gr. laga nr. 90/2003.

Skýringar

13. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir lok reikningsskiladags sem höfðu áhrif á ársreikninginn eða veita þarf upplýsingar um.

14. Önnur mál

Orkuveita Reykjavíkur - vatns- og fráveita stóð fyrir framkvæmdum við Suðurgötu sem m.a. fólust í endurnýjun á lögnum. Aðfararnótt 21. janúar 2021 fór stofnlögn vatns í sundur með þeim afleiðingum að vatn flæddi inn í byggingar Háskóla Íslands. Tjónþoli fékk dómkvadda matsmenn til að meta umfang tjónsins og skiluðu þeir matsskýrslu til tjónþola í janúar 2022. Í því undirmati var kostnaður vegna endurbóta metinn samtals 123,6 milljónir króna. Þann 4. mars 2022 lagði tjónþoli inn beiðni hjá Héraðsdómi Reykjavíkur þar sem óskað var eftir að dómkvaddir yrðu matsmenn til að framkvæma yfirmat. Með bréfi, dagsettu 16. maí 2022 gerði tjónþoli skaðabótakröfu á Veitur ohf., VÍS og fleiri aðila um óskipta ábyrgð á greiðslu á tæplega 224 milljónum króna auk vaxta og dráttarvaxta. Kröfunni var hafnað með sameiginlegu bréfi VÍS og Veitna ohf., dagsettu 27. maí 2022. OR - vatns- og fráveita er með frjálsa ábyrgðatryggingu sem tekur til skaðabótaábyrgðar sem fellur á félagið. Skilmálar þeirrar tryggingar mæla fyrir um 5 milljóna króna sjálfsábyrgð og 50% af fjárhæð tjóns eftir það. Þak tryggingarinnar er 300 milljónir króna.

Skýringar

15. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Reikningsskilaaðferðum sem lýst er hér á eftir hefur verið beitt með samræmdum hætti á öllum þeim tímabilum sem birt eru í ársreikningnum.

a. Tekjur

Tekjur eru skráðar þegar verulegur hluti áhættu og eignarhalds flyst til kaupanda og eru sýndar í rekstrarreikningi að teknu tilliti til afsláttá. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

b. Varanlegir rekstrarfjármunir

i) Færsla og mat

Varanlegir rekstrarfjármunir eru skráðir á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádrögnum viðbótar afskriftum frá þeim tíma. Endurmat þessara eigna er framkvæmt með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkningar vegna þessa endurmats eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi. Við sölu eða niðurlagningu eignar er sá hluti sérstaka endurmatsreikningsins sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Þegar varanlegir rekstrarfjármunir eru samsettir úr einingum með ólíkan nýtingartíma eru einingarnar aðgreindar og afskrifaðar miðað við nýtingartímann.

ii) Kostnaður sem fellur til síðar

Kostnaður við að endurnýja einstaka hluta varanlegra rekstrarfjármuna er færður til eignar ef líklegt er talið að ávinningur sem felst í eigninni muni renna til félagsins og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur annar kostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar til hans er stofnað.

iii) Afskriftir

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði eða endurmetnu kostnaðarverði miðað við áætlaðan nýtingartíma einstakra hluta varanlegra rekstrarfjármuna. Land er ekki afskrifað. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Framleiðslukerfi	30 - 50 ár
Dreifikerfi	15 - 100 ár

Afskriftaraðferðir, nýtingartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörssdegi.

iv) Virðisrýrnun

Bókfært verð varanlegra rekstrarfjármuna er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignarinnar metin.

Endurheimtanleg fjárhæð er metin út frá notkunarvirði. Notkunarvirði er ákvarðað á þann hátt að núvirða áætlað framtíðarfjárstreymi miðað við áframhaldandi nýtingu eignanna. Fjárstreymi er byggt á rekstraráætlun næstu fimm ára. Við mat á nýtingarvirði byggja stjórnendur á áætlun um framtíðar þróun starfseminnar, byggt er á bæði ytri og innri upplýsingum.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í skýringu 7 um varanlega rekstrarfjármuni.